

Velkomin/nn

Landvernd hefur gefið út nýtt námsefni um hafið. [Rafbókin Hreint haf](#) fjallar um haflæsi ([ocean literacy](#)) og áhrif mengunar á hafið. Hafið er notað sem rauður þráður í kennslu um loftslagsbreytingar, neyslu og sjálfbærni.

[Sækja rafbók](#)

[Skoða verkefni](#)

[Pdf útgáfa](#)

Rafbókin Hreint haf er gefin út sem epub skjal. Það má opna í tölvum, spjaldtölvum eða sínum. Bókinni má hlaða niður í heild sinni eða einstaka kafla. Fer það eftir hraða internet tengingar og geymslupláss á tækinu hvort hentar.

Rafbókin er læsilegust í IBooks en PDF eintakið má opna í öllum tækjum.



Námsefnið er aðgengilegt á vefnum landvernd.is/hreinthaf og er öllum opið endurgjaldslaust.

Til nemenda:

Þemaverkefnið *Hafðu áhrif* er nemendamiðað og það þýðir að þú, nemandinn ræður ferðinni. Þú velur viðfangsefnið. Mikilvægt er að velja sér viðfangsefni sem manni finnst áhugavert, eða langar að læra meira um.

Hlutverk kennara er að vera leiðbeinandi, eða verkstjóri og hvetja þig til sjálfstæðra vinnubragða. Í stað þess að mata nemendur með staðreyndum og þekkingu, aðstoðar kennarinn þá í eigin þekkingarleit.

Til nemenda og kennara:

Haflæsi

Haflæs manneskja gerir sér grein fyrir mikilvægi hafsins í lífi okkar og annarra lífvera á jörðinni og vinnur að því að gæta að heilbrigði hafsins. Haflæs manneskja miðlar upplýsingum um hafið á áhrifaríkan hátt og tekur upplýstar og ábyrgar ákvarðanir í daglegu lífi sem styðja við heilbrigði hafsins.

Markmið

- Að nemendur verði læsir á gildi hafsins í lífi þeirra og mikilvægi þess hjá lífkerfum jarðar.
- Að nemendur skilji mikilvægi hafsins fyrir lífkerfin á jörðinni og geti skýrt hvernig hafið hefur áhrif á loftslag, framleiðslu súrefnis, fæðu og lífbreytileika (haflæsi).
- Að nemendur þekki uppruna og sögu plasts, eiginleika og kosti þess.
- Að nemendur læri um plastmengun í hafi og hvernig hægt sé að koma í veg fyrir hana.



LANDVERND

- Að nemendur öðlist færni, getu og þekkingu á því hvernig hægt sé að takast á við plastmengun í hafi.
- Að nemendur þjálfist í að taka eigin ákvarðanir og vinni í heimabyggð.

Til kennara:

Námsefnið er kennaramiðað og verkefnin nemendamiðuð.

Verkefnin eru tengd við hæfniviðmið og sóknarkvarðar fylgja. [Þemaverkefnið Hafðu áhrif!](#) er valdeflandi og veitir nemendum verkfæri til að takast á við flókin viðfangsefni líkt og loftslagsbreytingar á tímum loftslagskvíða.

Námsefnið er ætlað nemendum á aldrinum 10 - 18 ára og tengist vel grunnþáttum menntunar, þá sér í lagi sjálfbærni, lýðræði og mannréttindum, sköpun og heilbrigði og velferð. Að auki styður námsefnið við skuldbindingar Íslands sem varða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, og má þá helst nefna heimsmarkmið 4.7 sem snýr að menntun til sjálfbærni, 13.3 um að auka menntun sem styrkir við aðgerðir í loftslagsmálum og 14.1, 14.2 og 14.3 sem snúa að lífi í vatni.

Námsefnið var þróað út frá samnefndu þróunarverkefni sem unnið var í góðu samstarfi [Landverndar](#) og [Grunnskóla Snæfellsbæjar](#). Höfundur er Margrét Hugadóttir og um hönnun og uppsetningu sá Aron Freyr Heimisson.